

01. mar. 2017

Skýrsla vinnuhóps um endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga

Vinnuhópur sem endurskoðað hefur fjármálakafla sveitarstjórnarlaga sem tóku gildi 2012 hefur skilað skýrslu sinni. Telur hópurinn að krafa um aukinn aga í fjármálum sveitarfélaga sem af lögunum leiðir hafi verið í samræmi við væntingar, en leggur til nokkrar breytingar litið til skemmri og lengri tíma.

Innanríkisráðherra skipaði á síðasta ári vinnuhóp í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaganna um endurskoðun á fjármálakafla laganna innan fimm ára frá gildistöku. Í hópnum sátu fulltrúar innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga og var aðal viðfangsefni endurskoðunarinnar ákvæði 64. gr. laganna um skuldaviðmið og jafnvægisreglu. Skýrsla vinnuhópsins er hluti af umfjöllun samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál (SUE) og hefur hópurinn skilað skýrslunni til nefndarinnar sem og til Jónsmessunefndar. Skýrslan var kynnt sveitarstjórnarmönnum á umræðufundi um fjármálastefnu, fjármálaáætlun og fjármálareglur þann 20. febrúar sl.

Niðurstaða

Það er niðurstaða vinnuhópsins að jafnvægisreglan og skuldareglan hafi átt ríkan þátt í þeim árangri í fjármálum sveitarfélaga sem náðst hefur á undanförunum árum og viðmiðin munu áfram gegna mikilvægu hlutverki við fjármálastjórn sveitarfélaga. Ekki er mælt með því að efnislegar breytingar verði gerðar á fjárhagslegu viðmiðunum að sinni. Er þá meðal annars horft til þess að nokkur sveitarfélög starfa enn eftir samþykktum aðlögunaráætlunum og rétt þykir að ná fram væntum árangri áður en lagt er upp með breytingar. Það skiptir máli að sveitarfélög geti treyst á að regluverk haldi og að viðamiklar breytingar séu kynntar með hæfilegum fyrirvara.

Tillögur

Meðal tillagna vinnuhópsins er að hugað verði að eftirfarandi breytingum á fjármálareglum sveitarfélaga til skemmri tíma litið:

1. Jafnvægisregla.

Reglan kveður á um að jafnvægi skuli vera milli tekna og gjalda A- og B-hluta sveitarsjóða yfir hvert þriggja ára tímabil. Lagt er til að ákvæðið haldist efnislega óbreytt, en orðalag í lögum og reglugerð verði samræmt.

2. Skuldaregla.

Reglan kveður á um að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta sveitarsjóða skuli ekki vera meiri en nemur 150% af tekjum. Óumdeilt er að skuldareglan hefur verið einn stærsti ávinningurinn af fjármálakafla sveitarstjórnarlaganna. Lagt er til að ákvæðið haldist óbreytt að öðru leyti en því að heimilt verði að draga veltufjármuni frá heildarskuldum.

Meðal mögulegra breytinga til lengri tíma litið, sem þó þurfa enn frekari rýni og umræður, má nefna:

3. Skilið verði á milli A-hluta og B-hluta.

Sérstök fjárhagsleg viðmið verði látin gilda um A-hluta og önnur um B-hluta.

4. Tekið verði á skuldbindingum vegna byggðasamlaga og fyrirtækja í eigu sveitarfélaga.

Lagt er til að unnið verði að tillögum um með hvaða hætti færa skuli skuldbindingar vegna byggðasamlaga og fyrirtækja í minnihlutaeigu sveitarfélags í reikningsskil sveitarfélaga.

5. Regla um heildarafkomu komi í stað reglu um rekstrarafkomu.

Heildarafkoma tekur til bæði rekstrar og fjárfestingar sveitarfélaga umfram afskriftir. Heildarafkomuregla fellur vel að lögum um opinber fjármál, auk þess sem hún dregur fram sjálfbærni í rekstri sveitarfélaga til lengri tíma litið.

Umræðan heldur áfram

Á umræðufundinum þann 20. febrúar komu fram ýmis sjónarmið um fjármálaþreglurnar. Mikilvægt er að halda umræðunni áfram meðal sveitarstjórnarmanna enda afar brýnt mál. Næstu skref verða mörkuð af Jónsmessunefnd og þess má vænta að stofnaðir verði vinnuhópar til að útfæra og rýna tillögur vinnuhópsins. Innanríkisráðuneytið kallar sérstaklega eftir ábendingum um efni skýrslunnar sem koma má á framfæri í marsmánuði á netfangið postur@irr.is.